

Umsýslumál og úthlutun réttindagreiðslna

Eftirfarandi atriði skulu afgreidd á aðalfundi:

1. Almenn stefna um úthlutun réttindagreiðslna til rétthafa.
2. Almenn stefna um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
3. Almenn fjárfestingarstefna með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra.
4. Almenn stefna um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra.
5. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
6. Áhættustýringarstefna.
7. Samþykkt fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna.
8. Samþykkt um samruna og bandalög, stofnun dótturfélaga og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum.
9. Samþykkt fyrir lántöku, lánveitingum eða útgáfu lánatrygginga.

Á aðalfundi má framselja vald til ákvarðanatöku skv. 6.–9. tölul. 5. mgr. til þess aðila er gegnir eftirlitshlutverki skv. 8. gr, sem er stjórn RSÍ.

Lagt er til að aðalfundur samþykki það framsal.

10. Tilnefning og uppsögn endurskoðenda.

Stjórn RSÍ leggur til að Deloitte ehf/Rögvaldi Dofra Péturssyni sem sinnir endurskoðun fyrir Rithöfundasamband Íslands verði falið að endurskoða ársreikning Rétthafasjóðs.

1. Almenn stefna um úthlutun réttindagreiðslna til rétthafa

- Rithöfundasamband Íslands tekur við réttindagreiðslum frá IHM – Innheimtumiðstöð rétthafa og Fjölís sem er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Aðalfundur sambandsins setur úthlutunarreglur á grundvelli úthlutunarstefnu þessarar og stjórn RSÍ hefur umsjón og eftirlit með úthlutunum.
- RSÍ heldur aðskilið bókhald vegna innheimtu og úthlutunar réttindagreiðslna undir heitinu Rétthafagreiðslur og birtir árlega gagnsæisskýrslu um starfsemina í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og samþykktir félagsins, sem kynnt skal á aðalfundi.
 - Greiðslum frá IHM er ráðstafað í Ljósvakasjóð sem aftur greiðir út til einstakra rétthafa í hlutfalli við birt efni í ljósvakamiðlum.
 - Greiðslum frá Fjölís er ráðstafað í Höfundasjóð sem síðan er úthlutað í formi ferða- og starfsstyrkja eftir umsóknum.
- Skv. lögum nr.88/2019 er heimilt að úthluta fjármagni af réttindatekjum í félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu. Stjórn útfærir reglur um úthlutun slíkra fjármuna og hefur umsjón og eftirlit með úthlutun.
- RSÍ er heimilt að innheimta umsýslukostnað til að standa straum af umsýslu og draga af réttindatekjum. Slíkur kostnaður getur falist í rekstrarkostnaði s.s launakostnaði, kostnaði vegna aðstöðu, ráðgjafarkostnaði s.s. frá lögmonnum og endurskoðendum, kostnaði við gerð og viðhald

heimasíðu, launum úthlutunarnefnda svo og öðrum kostnaði sem fellur til í því skyni að RSÍ uppfylli skilyrði laga til þess að geta sinnt úthlutun. Umsýslukostnaður skal þó að hámarki nema 25 % af heildargreiðslum.

- RSÍ er heimilt að veita félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu sem fjármögnuð er með frádrætti frá tekjum af réttindum. Skal slík þjónusta veitt á grundvelli sanngjarnra viðmiða þar sem jafnræðis er gætt og að hámarki nema 25% af heildargreiðslum.
- Miða skal við að greiða út rétthafagreiðslur eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tekjur af réttindunum voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður komi í veg fyrir það.
- Úthlutunarreglur vegna réttindagreiðslna skulu gagnsæjar og taka m.a. til:
 - a) Að úthlutað sé til höfunda/þýðenda skáldverka eða rétthafa þeirra.
 - b) Skrifstofa RSÍ skal leitast við að bera kennsl á hlutaðeigandi rétthafa og skal auglýsa úthlutanir opinberlega.
 - c) Að úthlutað sé til rétthafa vegna afritunar til einkanota skv. 11. gr. Höfundalaga
 - d) Að greiðslum sé úthlutað til hlutaðeigandi rétthafa, óháð félagsaðild.

2. Almenn stefna um notkun óráðstafanlegra fjárhæða

Fé því sem ekki tekst að koma til skila til rétthafa skal geymt á bankareikningum Rithöfundasambandsins í þrjú ár, að þeim tíma liðnum skal fjárhæðinni varið til greiðslu lögfræðiaðstoðar vegna réttindamála rithöfunda. Stjórn RSÍ tekur á hverjum tíma ákvörðun um umfang slíkrar aðstoðar.

3. Almenn fjárfestingarstefna með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra

Lagt er til að á milli úthlutana séu fjármunir geymdir á bankareikningum án frekari fjárfestinga.

4. Almenn stefna um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra

Lagt er til að frádráttur frá réttindatekjum fari eftir sérstökum reglum fyrir Höfundasjóð og Ljósvakasjóð. Kostnaður, bæði beinn kostnaður og kostnaðarpáttaka til RSÍ, greiðist til samkvæmt góðum reikningsskilavenjum, af óskiptum tekjum.

5. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.

Sjá almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða RSÍ.